## 017/01 - Kristinn Friðriksson SH 3

Kristinn Friðríksson SH-3, skipverji slasast um borð þegar lás brotnar og slæst í hann

**Kristinn Friðriksson SH 3**
**Skipaskr.nr.:** 1846
**Smíðaður:** Ísafirði 1987 Stál
**Stærð:** 104,00 brl; 151,00 bt
**Lengd:** 21,84 m **Breidd:** 6,38 m **Dýpt:** 5,45 m
**Vél:** Caterpillar 519,00 kW **Árgerð:** 1987
**Annað:**
**Földi skipverja:** 5

### Atvikalýsing

Hinn 8. febrúar 2001 var m.b. Kristinn Friðriksson SH-3 á togveiðum með rækjuvörpu í norðurkanti Kolluáls á utanverðum Breiðafirði. Veður: Hæg NA – átt og lítill sjór.

Þegar verið var að hífa í úthalaravírinn losnaði gilskrókurinn ekki úr bobbingalengjunni með þeim afleiðingum að lás í enda þess fjær króknum brotnaði og slóst í hægri hendi skipverjans. Ekki var talin þörf á að fara með hann í land en höndin hefði bólgnað og upp á handlegg.

Þann 10. febrúar var komið í land og farið með skipverjann til læknis og þá kom í ljós að hann var handleggsbrotinn.

### Við rannsókn kom fram

- að skipstjóri stjórnaði hífingu

### Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.